

## Ungt fólk 2015 - Niðurstöður rannsókna

**Til** : Margrét Halldórsdóttir  
**Frá** : nams@nams.is  
**Heiti** : Ungt fólk 2015 - Niðurstöður rannsókna  
**Málsnúmer** : 2015010025  
**Málsaðili** : Mennta- og menningarmálaráðun.  
**Skráð dags** : 23.10.2015 10:54:02  
**Höfundur** : nams@nams.is

[Sérðu ekki bréfið eins og það á að líta út? Hér getur þú skoðað það í vafranum þínum.](#)

## Ungt fólk 2015 - Niðurstöður rannsókna

Það er komin út skýrsla um hagi og líðan barna í 5.-7. bekk; íþrótt- og tómstundaiðju, nám og skóla, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðla og tækjæign.

### Opna skýrslu

Skýrslan er byggð á gögnum Ungt fólk rannsóknarinnar sem safnað var meðal nemenda á miðstigi grunnskóla landsins í febrúar 2015. Líkt og áður er athygli beint að högum og líðan barnanna; stuðningi og eftirliti foreldra, þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi, viðhorfum þeirra til náms og skóla og líðan í skóla. Þá er fjallað um tengsl nemenda við jafnaldra, notkun þeirra á netmiðlum, lestur bóka og viðhorf þeirra til jafnréttis. Í skýrslunni í ár er einnig birtur samanburður á völdum þáttum úr rannsókninni í ár við niðurstöður rannsókna árin 2007, 2009, 2011 og 2013.

Ungt fólk rannsóknirnar hafa verið lagðar fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur landsins allt frá árinu 1992. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur stuðlað að rannsóknunum frá upphafi en frá árinu 1999 hefur rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík séð um framkvæmd þeirra.

Æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk eru mikilvægt tæki til að fylgjast með ýmsum þáttum í lífi ungs fólks s.s. menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísum, líðan og framtíðarsýn svo nokkuð sé nefnt. Þær hafa reynst afar mikilvægar bæði fyrir stjórnvöld og þá aðila er vinna með börnum og ungmennum, svo sem sveitarfélög, skóla, æskulýðssamtök, íþróttasamtök, stofnanir, fagaðila og fjölmarga aðra. Niðurstöður rannsókna hafa m.a. komið

sveitarfélögum að góðum notum við stefnumótun í málaflokkum sem snerta börn og ungmenni.

Niðurstöður eldri rannsókna eru m.a. á vef [mennta- og menningarmálaráðuneytisins](#)

Upplýsingar um frekari úrvinnslu úr rannsókninni veitir starfsfólk Rannsókna og greiningar, Menntavegi 1, 101 Reykjavík, sími: 599 6431, netfang; rannsoknir@rannsoknir.is

Ellen Klara Eyólfsdóttir  
ellen@mms.is

Þetta bréf var sent á netfangið margret.halldorsdottir@isafjordur.is.

Vinsamlegast gefðu þér tíma til að uppfæra nýtt netfang svo þú getir haldið áfram að fá upplýsingar frá Námsgagnastofnun

Víkurbær 3 - 203 Kópavogur - Sími 535 0400 - Fax 535 0401 - Póstfang [upplýsingar@nams.is](mailto:upplýsingar@nams.is)

[Afskráning af póstlista](#) | [Vefsíða Námsgagnastofnunar](#)